

Framanskráðar reglur eru hér með staðfestar með skírskotun til 5. gr. laga um félagsheimili, nr. 107/1970 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

29. júlí 1996

Nr. 457

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrennis í Öxarfjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið, að undangengnum samningaviðræðum við landeigendur Hafursstaða og Bjarmalands, svo og sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, að friðlýsa Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss svo og næsta nágrenni þeirra austan Jökulsár á Fjöllum, og er svæðið náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru eftirfarandi: Að vestan fylgir náttúruvættið miðlínu Jökulsár á Fjöllum og austan þjóðvegi nr. 864. Að norðan takmarkast svæðið af línu sem hugsast dregin vestan úr toppi Eilífs um Syðsta Randarhól að þjóðveginum. Suðurmörk svæðisins markast af línu sem hugsast dregin af toppi Eilífs austur í topp Ytra-Norðmelsfjalls.

1. gr.

Náttúruverndarráð skal skipa fimm manna umsjónarnefnd með náttúruvættinu. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af landeigendum, og einn af Öxarfjarðarhreppi. Náttúruverndarráð skal tilnefna einn og er sá formaður nefndarinnar. Með sama hætti skal tilnefna fimm fulltrúa til vara. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitastjórnar. Þeir sem tilnefna fulltrúa í nefndina bera kostnað þann sem af nefndarstörfum hlýst.

Hlutverk umsjónarnefndarinnar er að sjá um náttúruvættið, gefa álit um áætlanagerð sem varðar framkvæmdir innan þess, o.fl. sem við kemur rekstri og framkvæmdum.

Nú liggur mál til afgreiðslu hjá nefndinni en ekki tekst að kalla hana saman. Skal formaður hafa samband við nefndarmenn og fá samþykki meirihluta til að afgreiða mál sem ekki geta beðið næsta fundar í nefndinni. Tilkynna skal öðrum nefndarmönnum og Náttúruverndarráði bréflaga um slíkar afgreiðslur án tafar.

2. gr.

Náttúruverndarráð vinnur að gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið og greiðir kostnað sem hlýst af því. Stefnt skal að því að tryggja góða aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu og koma upp viðeigandi mannvirkjum til þess að fengnum tillögum umsjónarnefndarinnar.

Náttúruverndarráð sér um landvörslu á svæðinu í a.m.k. 8 vikur á ári.

3. gr.

Um náttúruvættið gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Náttúruverndarráðs að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

2. Ákvæði auglýsingarinnar breyta í engu rétti landeigenda til hefðbundinna nytja innan marka náttúruvættisins og skerða ekki rétt þeirra til venjulegrar umferðar um svæðið og dvalar á því eins og verið hefur. Dýraveiðar eru óheimilar innan marka náttúruvættisins öðrum en landeigendum.
3. Landeigendum er heimil meindýraeyðing innan marka náttúruvættisins.
4. Akstur utan vega og merktra slóða er bannaður nema sérstaklega standi á. Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði vegna framkvæmda á svæðinu.
5. Að fenginni tillögu umsjónarnefndarinnar er Náttúruverndarráði heimilt að setja svæðisbundnar reglur um umferð á hinu friðlýsta svæði.
6. Leyfi umsjónarnefndar þarf til þess að fara með skipulagðar hestaferðir um svæðið.
7. Skýlt er að ganga vel um náttúruvættið og hvorki raska jarðmyndunum né gróðri.

4. gr.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum auglýsingar þessarar, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

5. gr.

Reglur auglýsingar þessarar skulu endurskoðaðar innan 5 ára frá gildistöku þeirra. Við endurskoðunina skal m.a. meta reynslu fyrirkomulags samkvæmt 1. gr. og annarra þátta eins og þörf krefur.

6. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum eða varðhaldi samkvæmt lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd.

7. gr.

Forkaupsréttur ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd helst óbreyttur þrátt fyrir friðlýsinguna.

8. gr.

Frá og með 1. janúar 1997 tekur Náttúruvernd ríkisins við hlutverki Náttúruverndarráðs skv. auglýsingu þessari í samræmi við lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Ákvæði þeirra laga gilda og um friðlýsinguna frá og með þeim tíma.


9. gr.

Friðlýsing þessi birtist hér með samkvæmt 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, með síðari breytingum, og gildir frá birtingardegi.

Umhverfísráðuneytinu, 29. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.



7. ágúst 1996

Nr. 458

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur héraðsnefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.